



SEYÐISFJARÐARKAUPSTAÐUR

Kt.: 560269-4559 • Sími: 470 2300 • Fax: 472 1588
Pósthólf 15 • Hafnargata 44 • 710 Seyðisfjörður
Netfang: sfk@sfk.is • Veffang: www.seydisfjordur.is

Sjávarútvegsráðuneytið
Skúlagötu 4,
150 Reykjavík.

SJÁVARÚTVEGS OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ	
Skj. n.	10.7.2
Tank.	
11. JÚLÍ 2008	
Abn.	H6
Sl. R.	08040141

Varðar: Úthlutun á byggðarkvóta.

Bæjarráð Seyðisfjarðar þakkar fyrir þann hlut sem til Seyðisfirði er ætlaður af byggðarkvóta þessa árs. Á fundi bæjarráðs í gær var ákveðið að óska eftir því við ráðuneytið að sömu reglur yrðu látnar gilda fyrir úthlut á byggðarkvóta til Seyðisfjarðar og á síðasta ári.

Röksemdir fyrir því að fella niður 15 tonna hámarkið eru þær sömu og á síðasta ári en þessu við að bæta.

Togarinn Gullver heldur uppi nánast allri vinnslu í frystihúsi Brimbergs hér á staðnum. Í frystihúsinu vinna nærri 50 manns. Með síhækkandi olíuverði og síðustu skerðingum á aflamarki í ýsu, ufsa og karfa, að ógleymdu miklum skerðingum í þorski skiptir miklu máli að koma sem mestu af byggðarkvótanum yfir á togarann. Við þær aðstæður sem nú eru uppi brakar í ýmsum stoðum og þar á meðal útgerð togarans. Útgerð hans hafa hins vegar ætíð haldið tryggð við staðinn í öll þau u.þ.b. 50 ár sem hún hefur starfað, vonandi verður svo áfram.

Seyðisfirði þann 10.07.08

Virðingarfyllt

Ólafur Hr. Sigurðsson
Ólafur Hr. Sigurðsson
Bæjarstjóri Seyðisfirði
Ólafur Hr. Sigurðsson, bæjarstjóri.